

**Nafn: Hörður Garðarsson**  
**Leiðbeinandi: Gylfi Zoega**  
**Hagfræði**  
**Maí 2007**

## **Hlutverk verðtryggingar skulda í launamyndun á Íslandi**

Í ritgerðinni eru áhrif verðtryggingar skulda heimila á launapróun á Íslandi könnuð. Hlutverki stéttafélaga í ákvörðun launa er gert hátt undir höfði og er fræðileg nálgun við launamyndun í ætt við nálgun svokallaðra “right-to-manage” líkana, þar sem stéttafélög ákvarða laun en fyrirtækin ráða vinnuafslnotkun. Borin eru saman tímabilin 1972-1988 og 1989-2005. Með skilgreiningu á ráðstöfun launa til afborgana skulda annars vegar og til annarrar neyslu hins vegar, eru færð rök fyrir því að ákvörðunarþættir launa eru ólíkir sé tilhögun skulda ólík. Auk ólíkrar tilhögunar skulda er vinnuaflseftirspurn ytri stærð á fyrra tímabilinu en gerð að innri stærð á því síðara. Ákvörðun launa á fyrra tímabilinu reynist jákvætt fall af skuldsetningu. Þetta grundvallast á því að með nafnlaunaverðbólgu geta stéttafélögin kallað fram almenna verðbólgu, sem í krafti þess að vinnuaflseftirspurn er haldið fastri, getur orðið til að auka neyslu heimilanna þar sem afborgunarbyrði skulda minnkar að raungildi enda þótt raunlaun haldist óbreytt. Á síðara tímabilinu er ákvörðun launa óháð skuldsetningu en tekur tillit til vinnuaflseftirspurnar og eiginleikum hennar. Tilhögun skulda getur því samkvæmt þessu haft áhrif á hvata þeirra sem ákvarða laun.

Metin er raunlaunajafna í ætt við Phillips-kúrfuna fyrir tímabilin 1972-1988 og 1989-2005. Benda niðurstöðurnar til þess að ákvörðunarþættir launa séu gerólíkir á milli tímabila, þar sem hefðbundið Phillips-kúrfu samband mælist með öllu ómarktækt á fyrra tímabilinu en aftur marktækt á því síðara. Einnig eru áhrif vinnuaflseftirspurnar á samband raunlauna og framleiðni vinnuafsl metin með því að prófa fyrir “cointegration” sambandi á milli raunlauna og framleiðni. Slíku sambandi er hafnað með nokkuð öruggum hætti á fyrra tímabilinu en er ekki hafnað á því síðara.

Fræðilegu niðurstöðurnar í ritgerðinni benda til þess að verðtrygging geti stuðlað að stöðugleika í launamyndun þar sem möguleika á ágóða af verðbólgu er eytt. Hins vegar er erfiðara að lesa það beint úr tölfræðiniðurstöðunum. Þrátt fyrir það má færa rök fyrir eiginleikum metnu Phillips-jöfnunnar fyrir tímabilið 1972-1988 út frá fræðilegu niðurstöðunum. Niðurstaða ritgerðarinnar varðandi það hvaða áhrif verðtrygging hafi á launamyndun er á þá leið að hún geti stuðlað að stöðugleika þrátt fyrir að hún sé ekki nauðsynleg, þar sem áhrif breytinga hagstjórnarumhverfis í kringum árið 1989 á eiginleika vinnuaflseftirspurnar geti leitt til minni nafnlaunaþrýstings.